

Sp.

1034. Nefndarálit

[222. mál]

um till. til þál. um eflingu atvinnulífs með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Eins og fram kemur í álit meiri hl. nefndarinnar er þar tekið undir það meginsjónarmið flm. tillögunnar að efla þurfi atvinnulíf með stuðningi við stofnun og rekstur smáfyrirtækja. Enn fremur er í rökstuddri dagskrá tekið undir það með því að í raun er þar skorað á ríkisstjórnina að hafa uppi markvissar aðgerðir til eflingar íslensku atvinnulífi. Það er þess vegna augljós nauðsyn á skipulegu átaki og heildarstefnu í líkingu við það sem gert hefur verið víða á Vesturlöndum, svo sem í Bretlandi.

Þó að einstök atriði þessarar tillögu séu nú til meðferðar í ýmsum stofnunum skortir algerlega að mótað sé samvirkt átak og stefna sem stuðlar að eflingu atvinnulífs af þessu tagi. Með þessari tillögu er verið að leggja til að ríkisstjórnin gangist fyrir slíku frumkvæði og leggur minni hl. nefndarinnar því til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 29. maí 1985.

Kristín S. Kvaran,
fundaskr., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.